


LISTIR



TITILLAUST verk eftir Guðjón Ketilsson.



Í MINNINGU Njálsbrennu, eftir Magnús Pálsson.

miklu sterkari, ekki síst sökum vel valinna tilrauna hennar til að virkja raunverulegt tungutak og þanka-gang okkar með tvíþentum setningum við fótmál sinna hálfuppstopp-uðu veislugesta. Hulda tekur drep-fyndinn raunveruleikann fram yfir óljósar, ísætar endurminningar. Þá hleypa allegorísk minni Helga P. Friðjónssonar allri viðtekinni skírskotun í frásagnakenndar endurminningar í hreint uppnám. Öll viðmið eru teygð langt út fyrir kjör-lendi sitt.

Segja má að Magnús Pálsson – í hinu snjalla minningarverki sínu um Njálsbrennu – tákist einnig á við ís-lenskan raunveruleik, eða réttara sagt minnið sjálft, ímynd þjóðarinn-ar og fjöregg, spegil hennar og ýk-ur. Sama verk var á sýningunni í fyrra, enda margslungið og mátt-ugt, og þolir endurtekna skoðun án þess að fölna. Sjá má að Þórdís Alda

hefur með sínum hætti orðið fyrir áhrifum af myndgerð Magnúsar. Það er stundum stutt í bókmennt-irnar hjá okkur og bókmennta-tengda útfærslu.

Það væri vissulega að æra óstöðugan að reyna að fjalla um hvert einasta verk á sumarsýning-unni á Kjarvalsstöðum, en þarna eru hestarnir dásamlegu í tígullaga rammanum, *Kiddi og ég*, og ýmis önnur smellin verk Kjarvals. Þau færa okkur heim sanninn um óend-anlegt ímyndunarafi málarans og því standa þau óvart sem ákveðin gagnrýni á hugmyndadeyfðina í hefðbundinni landslagsgerð þeirra Ásgríms, Júlíönu og Gunnlaugs Blöndal. *Hestamynd* Kristínar Jónsdóttur sýnir hins vegar hve splundrandi málari hún var og bráðþroska sú árkona íslenskrar málalistar.

Hvað varðar yngri verk þá má

alltaf dást jafnmikið að járn-teins-höggmyndum Jóns Gunnars Árna-sonar og sérstæðum og mjög svo persónulegum abstraktmálverkum Karls Kvaran. Þá kemur titillaust verk Guðjóns Ketilssonar alltaf jafnskemmtilega á óvart. Það er trúlega eitt hans allra besta verk og fetar kunnáttusamlega einstigið milli höggmynda og málverks. Við hliðina fetar Sigurður Árni Sigurðs-son svipað einstigi milli málalistar og skipulagsteikninga og beinir sjónum okkar að allri þeirri náttúru sem orðin er skipuleg menning. Reyndar er nýlegt verk Georgs Guðna ekki alls fjarri. Hólar hans sem nú fylla fyrri dali eru á mörk-um þess að geta talist náttúrulegir. Þeir eru miklu fremur einhvers konar rómantískt framhald af im-pressjónískum heysátum Monets. Munurinn er rökkrið sem umlykur þessa drungalegu hauga. Skyldi

draugurinn Gunnars Hámundar-sonar hafa talað úr slíkri þúst?

Eins og lesa má er þessi sýning úr fórum Listasafns Reykjavíkur-borgar ekki sem verst. Hún er prýðilega valin og ágætlega upp sett. En hana skortir samt mikil-vægan lykil allra slíkra sumarsýn-inga. Engar upplýsingar fylgja verkunum og slíkt er afar slæmt. Í stað veglegs fjölblöðungs á fjórum til fimm helstu tungumálum er-lendra ferðamanna um verkin, höf-undana og ágríp af þróun þess sem fyrir augu ber er ekkert sem fylgir sýningunni. Er ekki kominn tími til að veita upplýsingar á söfnum landsins, eða hvers eiga þeir að gjalda, útlendingarnir sem ráfa um sumarsýningu Kjarvalsstaða án þess að fá botn í nokkuð það sem fyrir augu ber?

Halldór Björn Runólfsson

GÓLFEFNABÚÐIN
Mikið úrval fallesta flísa
 Borgartún 33 • RVK
 Laufásgata 9 • AK

KitchenAid
Draumavél heimilanna!
 Vegleg brúðargjöf!
 Ísaumuð svunta með nöfnum og brúðkaupsdegi fylgir!

5 gerðir - margir litir
 60 ára frábær reynsla.

Einar Farestveit & Co. hf.
 Borgartúni 20 - sími 562 2901 og 562 2900

Tjöld fyrir næstu öld.
30 ára reynsla í tjöldum.

Allt í útileguna. — Frábært verð.
 Svefnpokar 15 g verð frá .. kr. 3.900
 Bakpokar 55 l kr. 7.500
 65 l kr. 8.500
 75 l kr. 9.500

LOKAÐ Í DAG
 ÚTSALAN HEFST Á MORGUN



30% - 50% AFSLÁTTUR

SAND
 MEN & WOMEN
 Kringlunni

ÚTIVISTAR BÚÐIN
 Laugavegi 25, sími 551 9805
 WWW.MMEDIA.IS/SPORTLEIGAN

SPORT LEIGAN
 ÚTIVISTARBÚÐIN
 VIÐ UMFERÐAMÍÐSTÖÐINA
 SÍMI 551 9800